

Í þessu verkefni skoða nemendur listaverk sem fjalla um okkar innra líf: hugmyndaflug, ímyndun og heimilið.

**Skólastig:** Yngsta stig grunnskóla.

**Tímalengd:** Um klukkustund.

# Horfum inn



**Kynning** Á 2. hæð Safnahússins er sýningarhluti sem fjallar um okkar innra líf, allt frá tilfinningum til heimilis. Sýningarhlutinn kallast Inn og skiptist í þrjú rými: 1. Hugmyndaflug – 2. Óhlutbundin list – 3. Heimilið.

Í heimsókninni munu nemendur skoða þennan sýningarhluta sérstaklega. Nánari upplýsingar um sýninguna, valin verk í sýningarsalnum Inn ásamt hljóðleiðsögn er hér: [www.safnahusid.is/vefleidsogn](http://www.safnahusid.is/vefleidsogn)

**Í aðalnámskrá grunnskóla segir** „Allir hlutir og öll verk byrja með hugmynd sem ekki verður virk nema henni sé miðlað á einhvern hátt. Í námsgreininni myndmennt er unnið með alla miðla sjónlista þar sem hugmyndum er fundinn farvegur. Frá fornöld hafa sjónlistir haft félagsleg, fagurfræðileg og tilfinningaleg áhrif á fólk. Að rýna í listaverk hjálpar okkur að skilja sögu, menningu og samfélagið í heild á sama tíma og það hjálpar okkur að eflast sem persónur.“<sup>1</sup>

Verkin í þessum sýningarhluta eru myndræn tjáning tilfinninga, ímyndunar og hugarflugs höfunda þeirra. Nemendur kynnast sögum sem tengjast verkunum og fá þannig innsýn í menninguna sem verkin spretta úr. Um leið kanna nemendur hvernig listsköpun nýtist sem miðill til að túlka hugmyndir, reynslu og sögur.

**Undirbúningur fyrir heimsókn** Áður en Safnahúsið er heimsótt skaltu segja nemendum söguna af Sýslumannskonunni á Bustarfelli (Sagan er á vef Safnahússins undir Fræðsla og heitir yngsta\_stig\_alfasaga.pdf). Í sögunni gefur álfkona sýslumannskonu dúk sem þið munuð skoða í Safnahúsinu.

Að auki er gott að leggja verkefni fyrir nemendur og biðja þá um að teikna mynd af draumi sem þá hefur dreymt, myndskreyta sögu sem þeir vita að er ekki sönn, teikna mynd af ímynduðu dýri eða teikna mynd af herberginu sínu. Tilgangurinn er að velta fyrir sér hvernig okkar innra líf er gert sýnilegt með myndum.

**Þegar í Safnahúsið er komið** Hvar á að byrja? Í kjallara Safnahússins er fræðslurými með fatahengi og aðstöðu fyrir skólahópa.

- 1 Farið upp á 2. hæð Safnahússins í sýningarhlutann sem kallast Inn.
- 2 Finnið „álfkonudúkinn“ úr sögunni um sýslumannskonuna á Bustarfelli (dúkurinn er í 1. sýningarrými sem snýr að Esjunni). Er dúkurinn eins og nemendur höfðu ímyndað sér hann? Á hvaða hátt er hann ólíkur dúknum sem nemendur höfðu gert sér í hugarlund?
- 3 Finnið málverkið Nátttröllid eftir Ásgrím Jónsson (í sama rými og álfkonudúkurinn). Látið nemendur setjast á gólfid hjá málverkinu og lesið söguna um Nátttröllid:

## NÁTTTRÖLLID

Það var eitt sinn fyrir langa löngu að fólk þurfti að skiptast á að vera heima á jólanótt. Þá fór allt fókið á bænum til kirkju en einhver einn var heima að gæta bæjarins. Á einum bæ vildi svo til að sá sem var heima á jólanótt fannst annað hvort dauður að morgni eða æðisgenginn. Þótti heimamönnum þetta illt og vildu fáir verða til að vera heima á jólanóttina.

Einu sinni býðst stúlka ein til að gæta bæjarins. Urðu hinir því fegnir og fóru til kirkju en stúlkan sat inni í bænum og kvað vísur fyrir barn sem hún var að passa.

Í þessu verkefni skoða nemendur listaverk sem fjalla um okkar innra líf: hugmyndaflug, ímyndun og heimilið.

**Skólastig:** Yngsta stig grunnskóla.

**Tímalengd:** Um klukkustund.



# Horfum inn

Um nóttina er komið á gluggann og sagt:

„Fögur þykir mér hönd þín,  
snör mín en snarpa, og dillidó.“

Þá segir hún:

„Hún hefur aldrei saur sópað,  
ári minn Kári, og korriró.“

Þá er sagt á glugganum:

„Fagurt þykir mér auga þitt,  
snör mín en snarpa, og dillidó.“

Þá segir hún:

„Aldrei hefur það illt séð,  
ári minn Kári, og korriró.“

Þá er sagt á glugganum:

„Fagur þykir mér fótur þinn,  
snör mín en snarpa, og dillidó.“

Þá segir hún:

„Aldrei hefur hann saur troðið,  
ári minn Kári, og korriró.“

Þá er sagt á glugganum:

„Dagur er í austri,  
snör mín en snarpa, og dillidó.“

Þá segir hún:

„Stattu og vertu að steini  
en engum þó að meini,  
ári minn Kári, og korriró.“

Hvarf þá vætturinn af glugganum. En um morguninn þegar fólkíð kom heim var kominn steinn mikill í bæjarsundið og stóð hann þar æ síðan. Sagði þá stúlkan frá því sem hún hafði heyrt (en ekkert sá hún, því hún leit aldrei við) og hafði það verið nátttröll sem á gluggann kom. Hefði stúlkan litið við og horfst í augu við tröllid, þá myndi hún hafa sturlast.

(Heimild: Lítillega breyttur texti af <http://www.snerpa.is/net/thjod/nattroll.htm>)

Hvað er stúlkan á myndinni að gera? Hvernig lítur tröllid út?  
Kann einhver nemendanna aðrar tröllasögur?

**Athugið** Haldið hópinn á meðan á heimsókn stendur. Hvetjið nemendur til að skoða verkin vel og spjalla um hvað þeir sjá í hverju verki. Þjálfað starfsfólk Safnahússins er á staðnum tilbúið til aðstoðar.

- 4 Á stigapallinum fyrir framan sýningarýmin eru bækur með þrautum sem þið notið til að skoða sýninguna nánar. Kennarinn tekur græna þrautabók merkta „Léttari þrautir“ og les fyrstu þrautina upphátt fyrir nemendur. Eftir að hafa heyrt þrautina ganga nemendur inn í salinn ásamt kennaranum og leysa þrautina í sameiningu. Kennarinn metur hversu margar þrautir hann lætur nemendur leysa (þær eru alls 6). Að þessu loknu er þrautabókinni skilað aftur á sinn stað.

Kennari getur einnig skipt nemendum í 4–6 hópa og látið hópana leysa þrautirnar í sameiningu. Þá er ýmist hægt að láta alla hópana leysa sömu þrautirnar eða deila þrautunum niður á hópana og biðja hópana í lokin að deila niðurstöðum sínum með bekknum.

Græna þrautabókin „Léttari þrautir“ er svona:

1	Finndu andlit í einhverju verki. Hvernig svipur er á andlitinu? Getur þú sett upp sama svip?	Rými 1 (snýr að Esjunni)	leita, skoða, myndlestur, látbragð
2	Finndu mynd af dýri. Á hvaða hátt er dýrið líkt dýrum sem þú þekkir? Er dýrið ólíkt raunverulegum dýrum? Hvernig?	Rými 1 (snýr að Esjunni)	Leita, bera saman við raunveruleika og reynslu
3	Getur þú fundið mynd af augum í einhverju verki? Í hvert sinn sem þú sérð mynd af augum í mátt þú klappa tvisvar.	Rými 1 (snýr að Esjunni)	Leita, þáttaka, leikur
4	Veldu verk sem þér líkar við. Af hverju líkar þér við verkið? Ef þetta verk væri heima hjá þér, hvar myndir þú vilja hafa það?	Rými 1, 2 eða 3	Meta, rökstyðja, tenging við heimili
5	Veldu þér verk sem þér finnst áberandi. Hvað er það fyrsta sem þú tekur eftir í þessu verki og af hverju?	Rými 1, 2 eða 3	Velja, meta, myndlestur
6	Getur þú fundið verk með einhverjum hlutum sem eru til heima hjá þér?	Rými 3 (snýr að Hverfisgötu)	Leita, skoða, bera saman við heimili

Í þessu verkefni skoða nemendur listaverk sem fjalla um okkar innra líf: hugmyndaflug, ímyndun og heimilið.

**Skólastig:** Yngsta stig grunnskóla.

**Tímalengd:** Um klukkustund.

# Horfum inn



- 5 Finnið skáp sem sýnir ýmis skrimсли og furðudýr (í sama rými og álfkonudúkurinn). Látið nemendur setjast á gólfíð hjá skápnnum og reynið að greina hvaða furðudýr má sjá í skápnnum. Í skápnnum má sjá síðu úr dagblaði með mynd sem tekin var við Lagarfljót fyrir nokkrum árum. Hér er gaman að rifja upp söguna um Lagarfljótsorminn.

## ORMURINN Í LAGARFLJÓTI

Það var einu sinni í fornöld að kona sem bjó á bæ við Lagarfljót gaf dóttur sinni gullhring.

Þá segir stúlkan: „Hvernig get ég haft mest gagn af gullinu því arna, móðir mín?“

„Leggðu það undir lyngorm,“ segir konan.

Stúlkan tekur þá lyngorm og lætur gullið undir hann og leggur ofan í kistil. Liggur ormurinn þar nokkra daga. Þá sér stúlkan að ormurinn er svo stór orðinn, að kistillinn er farinn að gliðna í sundur. Stúlkan verður þá hrædd, þrífur kistilinn og kastar honum með öllu saman í fljótið.

Líða svo langir tímar, og fara menn nú að verða varir við orminn í fljótinu. Ormurinn drap stundum menn og skepnur sem sigldu yfir fljótið og stundum teygðist hann upp á fljótsbakkana og gaus eitri ógurlega.

Þótti þetta horfa til hinna mestu vandræða, en enginn vissi ráð til að bæta úr þeim. Voru þá fengnir til tveir Finnar sem áttu að drepa orminn og ná gullinu. Þeir steyptu sér í fljótið, en komu bráðum upp aftur og sögðu, að hér væri við mikið ofurefli að etja og að það væri ekki hægt að drepa orminn eða ná gullinu. Sögðu þeir, að annar ormur væri undir gullinu og væri sá miklu verri en hinn. Bundu þeir þá orminn með tveimur böndum. Lögðu þeir annað fyrir aftan bægslin, en annað aftur við sporðinn.

Ormurinn getur því engum grandað, hvorki mönnum né skepnnum, en við ber, að hann setur upp kryppu úr bakinu, og þykir það jafnan vita á stórtíðindi, þegar það sést, t.d. harðæri eða grasbrest.

Þeir, sem enga trú leggja á orm þenna, segja, að það sé froðusnakkur (ósönn saga). Þeir segja að prestur hafi róið þvert yfir fljótið til að sanna að ormurinn sé ekki til.

(Heimild: Lítillega breyttur texti af <http://www.snerpa.is/net/thjod/lagarfl.htm>)

Fyrir nokkrum árum tók bóndi þessa mynd af Lagarfljótsorminum. Bæjarstjórinn hafði lofað þeim verðlaunum sem gæti komið fram með sannanir á tilvist ormsins og var auðvitað staðið við það loforð gagnvart bóndanum sem var svo heppinn að ná þessari mynd af kvikindinu. Verðlaunin voru hálf milljón.

Hvað finnst nemendum um þessa mynd af orminum? Trúa þeir sögunni um Lagarfljótsorminn? Sannar myndinn að ormurinn sé til?

**Ef tími gefst til** Heimsækið Lestrarsal hússins á 2. hæð þar sem fjallað er um sjálfsmyndir. Skoðið verkin í skápunum, setjist svo niður við borðin og vinnið verkefni í teikningu.

**Enn nægur tími?** Í kjallara hússins, í hvítum kassa, eru leiðbeiningar um teiknigátu til að vinna á kritaflögu sem tilvalið er að leika í lok heimsóknar.

**Eftir heimsókn** Þegar í skólann er komið er upplagt skoða myndskreiðið af Lagarfljótsorminum á netinu. Það er t.d. hér: <http://www.ruv.is/frett/er-thetta-lagarfljotsormurinn>.

Ræðið hvort það hafi áhrif á skoðanir nemendanna að sjá myndina hreyfast. Er myndband betri sönnun en kyrr mynd? Látið nemendur svo teikna mynd af því verki sem þeim finnst eftirminnlegast og skrifa stutta lýsingu á heimsókninni. Á þann hátt verður upplifunin eftirminnlegri.